

# Reglugerð um Vísindasjóð háskólamenntaðra starfsmanna innan SfK

## 1. grein

Sjóðurinn heitir Vísindasjóður SfK, heimili og varnarþing er í Kópavogi.

## 2. grein

Markmið sjóðsins er að tryggja frekari fjárhagslegan grundvöll háskólamenntaðra félagsmanna innan SfK til sí- og endurmenntunar. Sjóðurinn greiðir m.a. styrki til rannsóknar- og þróunarverkefna, námskeiðsgjöld, ferða- og dvalarstyrki og styrki vegna námskeiða sem tengjast starfi viðkomandi.

## 3. grein

Til þess að sjóðsfélagi eigi rétt til styrks úr sjóðnum þurfa greiðslur frá vinnuveitanda viðkomandi að hafa borist í sjóðinn skv. gr. 13.5.1. í kjarasamningi aðila.

## 4. grein

Stjórn SfK skipar stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn og skal hún skipuð tveimur fulltrúum úr stjórn SfK, tveimur fulltrúum sjóðsfélaga og Kópavogsbær tilnefni einn fulltrúa í stjórn sjóðsins frá 20.nóv. 2014

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meirihluta stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.

Komi upp ágreiningur skal málinu vísað til stjórnar SfK.

Stjórn sjóðsins setur sér starfsreglur í samræmi við markmið sjóðsins.

## 5. grein

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Framlag Kópavogsbæjar eða annarra launagreiðenda skv. kjarasamningi á hverjum tíma.
- b. Vaxtatekjur.
- c. Aðrar tekjur.

## 6. grein

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið og skulu tekjur sjóðsins ávaxtaðar á þann hátt sem sjóðsstjórn telur hagkvæmast á hverjum tíma.

## 7. gr.:

Reglur þessar eru settar í stjórn SfK 15. mars 2004.

Samþykkt af stjórn SfK 12.03.2012

Samþykkt af stjórn SfK 18.11.2014

